



Kennsluáætlun 2025-2026

5.-7. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 4 klst.

Markmið:

Að nemendur

- verði sterkir í reikningsaðgerðunum fjórum og skilji vel samhengið á milli þeirra.
- kunni margföldunartöflur upp í 12 utan að.
- afli sér góðs skilnings hvað varðar tugakerfið og sætkerfisrithátt.
- nái tókum á tugabrotum og almennum brotum og samband á milli þeirra og geti notað þau í líkindareikningi.
- læri að mæla á nákvæman hátt, reikna út mismunandi stærðir í rúmfræði og verði öruggir í að skipta um á milli lengdar- og þyngdareiningar.
- tileinki sér góð vinnubrögð, þ.m.t. samfelld vinna á einbeitan hátt, sjálfstæði í að rýna í dæmi, skráning lausnaleiða og snyrtilegur frágangur í stílabókum.
- geti tjáð sig munnlega um stærðfræði í samtali við kennara og bekkjarféлага.
- læra grunnaðgerðir í töflureikningi.
- geti leyst þrautir og rökstutt svör.
- læri að taka ábyrgð á námi sínu (t.d. með því að fylgja áætluninni og halda utan um vinnu sína).
- geti unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka og finna lausnir á viðfangsefninu.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- **Bóklegir tímar:**
- nemendur vinna í einstaklingsvinnu eftir kaflaáætlun í kennslubókum.
- Áætlanir leyfa sterkari nemendum að fá tækifæri að vinna í efni fyrir hærri bekk.
- Nemendur eru hvattir til samtala um stærðfræði utan vinnu
- Í upphafi eða í lok hvert tímans eru 15 mín til uppbrots, þar sem kennarinn verður með aukaefni til að æfa sérstaka þætti eða til að rifja upp atriði sem hafa verið kennd áður
- **Hugarreikningstímar:**
- flestir nemendur leysa dæmi í umslögum annað hvort í einstaklings- eða paravinnu.
- Á meðan vinnur einn kennari með litlum hóp í ákveðnum hugarreikningsaðferðum.
- **Einstaklingsnám:**
- Nemendur með minni námsgetu fá aðlagð efni og auka aðstoð í tímum.

Námsmat:

- Símat á sér stað í tímum þar sem kennarar gefa nemendum stanslausa endurgjöf í gegnum samtöl og spurningar.
- Farið er vikulega yfir stílabækur nemenda og mistök merkt. Nemendur leiðrétta svo í tímum og kennarar tala við þá og tryggja að skilningur hafi náðst.
- Þrisvar sinnum á ári er haldið staðlað stöðumat þar sem nemendur þurfa að leysa dæmi í grunnaðgerðum og flóknari dæmum, t.d. brotareikningsdæmi eða að umreikna einingar. Tilgangur námsmats er að meta skilvirkni kennslunnar og framför einstaklinga yfir langan tíma (frá 5.-10. bekk)
- Kaflapróf: í lok kafla leysa nemendur próf úr kennslubókum og fá endurgjöf um stöðu hæfni.

Námsgögn:

- Stika bækur (nemenda-og æfingabækur)
- Umslög með safni af hugareikningsdæmum í mismunandi flokkum
- Efni búið til af kennara sem þjálfar ákveðnar aðgerðir eða til að rifja upp
- Öpp og vefsíður (t.d. timestables.com)
- Brot, einingakubbar o. fl.